

Nd.

961. Breytingartillaga

[304. mál]

við frv. til l. um selveiðar við Ísland.

Frá minni hl. sjávarútvegsnefndar (GE).

Við 3. gr. Greinin orðist svo:

Ráðherra skal skipa 5 manna nefnd til tveggja ára í senn til ráðgjafar sjávarútvegsráðuneytinu við stjórn og skipulagningu selveiða.

Náttúruverndarráð, Hafrannsóknastofnun, Búnaðarfélag Íslands og Fiskifélag Íslands skulu tilnefna einn mann í nefndina hvert, en einn nefndarmanna skal skipaður án tilnefningar. Ráðherra skipar formann nefndarinnar.

Tillagna nefndarinnar skal leitað vegna setningar reglna og annarra ákvarðana er varða selveiðar. Nefndinni skal heimilt að gera tillögur til ráðuneytisins um þessi efni.